



## Starfspróunaráætlun Rimaskóla

Skólaárið 2022-2023


Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfspróunaráætlana. Aðstoðar-skólastjóri og deildarstjóri eru skólastjóra til aðstoðar og starfsfólk tekur þátt í að móta hana. Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára. Almennt er ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Símenntun má skipta upp í tvo þætti, það sem er nauðsynlegt fyrir skólann annars vegar og hins vegar það sem starfsfólk metur æskilegt eða nauðsynlegt fyrir sig. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og þeirra áhersluatriða sem eru í innra starfi skólans. Starfsfólki ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. símenntunaráætlun skóla, enda séu þau á vinnutíma og starfsfólki að kostnaðarlausu (Úr Handbók með kjarasamningi).

Skólaárið 2022-2023 verður lagt upp með fjóra þætti í símenntun fyrir kennara/starfsfólk en þessa þætti taldi starfsfólk að það þyrfti helst að efla sig í:

- a. Innleiðing tölvutækni
- b. Hvernig komum við betur til móts við fjölbreyttan nemendahóp
- c. Leiðsagnarnám
- d. Grænu skrefin

## Ferill að gerð símenntunaráætlunar



Sótt var um styrki í endurmenntunarsjóð Sveitarfélagana og fékkst styrkur að upphæð 550 þús. Í starfshópnum kom ósk um að fá fræðslu um þá þætti sem nefndir voru hér að ofan og var sótt um eftirfarandi til endurmenntunarsjóðs:

- Skyndihjálp, námskeið frá Vinnuvernd ehf.
- Art námskeið
- Verkfærakistan – hagnýtt námskeið fyrir kennara og annað fagfólk til að vinna með hópa og einstaklinga í samskipta- og félagslegum vanda
- Eflum færni kennara í vinnslu með námsmat í Mentor sem og gerð einstakingsáætlana.

Einnig var sótt um styrki til Reykjavíkurborgar vegna Menntastefnu. Skólinn fékk styrki bæði úr A og B sjóð.

### Verkefni sem skólinn fékk úr A sjóði v/Menntastefnu eru:

- ✓ Tónlist og sviðslist í Rimaskóla

Verkefni skiptist í tvo þætti: Sviðslistarverkefni sem dreifast yfir veturinn hvort sem er í föstudagsfjóri hjá nemendum í 1. - 4.bekk, helgileik hjá 5.bekk, skógarleikriti hjá 6.bekk og jóla-leikriti/vorleikriti hjá



7.bekk. Á unglingsstigi erum við að horfa á smíðju sem tengist Skrekk. Hljómsveitarrýmið - Þetta er þróunarverkefni sem hefst á skólaárinu. Það felst í því að útbúa rými fyrir tónlistarsköpun, finna fjármagn til að kaupa hljóðfæri og tölvu til að klippa til músík. Hugsunin er að þetta sé samvinnuverkefni með Sigyn og Rimaskóla og erum við að horfa á unglingsstigið til að byrja með.

- ✓ Seigla, sjálfstæði og sjálfstjórnun

Faghópur efldur innan skólans svo hann hafi sérfræði þekkingu til að styrkja færni nemenda til þess að takast á við mismunandi áskoranir í félagslegum samskiptum. Má þar nefna HAM, PEERS, ART, Verkfærakistan, krakkaspjall, félagaspjall, unglingspjall, mannkostamenntun og samskipti stúlkna. Gert er ráð fyrir að fyrri helmingur skólaársins fari í að endurmennta starfsfólk og stofna faghóp sem heldur utan um verkefnið. Faghópurinn mun síðan velja hóp sem verkefnið yrði prufukeyrt á síðari hluta skólaársins. Þetta verkefni er áframhaldandi frá árinu á undan en vegna heimsfaraldurs tókst ekki að vinna með alla þessa þætti vegna takmarkana.

#### Úr B sjóði v/Menntastefnu:

- **Vertu velkomin í hverfið okkar – viltu tala íslensku við mig.** Markmið þessa verkefnis er að efla kennslu og þverfaglega umgjörð í kringum nemendur með íslensku sem annað mál, ekki eingöngu með íslenskukennslu heldur með því að styrkja félagsfærni, sjálfsmýnd og sjálfstraust þeirra í skólasamfélaginu. Helsta áskorunin er að taka upp nýjar kennsluaðferðir sem efla til muna tjáningarfærni, námsorðaforða og orðaforða í skólasamfélaginu hjá nemendum með íslensku sem annað mál. Verkefnið er samstarfsverkefni Húsaskóla, Foldaskóla, Engjaskóla, Hamraskóla, Rimaskóla, Klébergsskóla, Borgaskóla, Víkurskóla og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Verkefnið fékk styrk í þriðja skiptið.

Í lok skólaárs skila kennarar inn útfylltu eyðublaði þar sem þeir tilgreina hvernig starfsþróun þeir sinntu yfir skólaárið.

Þórunna Rósa Ólafsdóttir

Skólastjóri Rimaskóla